




Tilboð og afslættir í snjalltækinu

Einkaklúbburinn er fríðindaklúbbur viðskiptavina Arion banka. Tilboð og afslættir eru aðgengileg í gegnum Einkaklúbbsappið. Til að fá appið í snjalltækið þitt þarftu að vera með virkan netbanka hjá Arion banka. Hægt er að stofna netbanka með því að framvísa löggildum skilríkjum í útibúum bankans.

Snjalltæki koma með ákveðinni uppsetningu eftir því hvort um Apple eða Android tæki er að ræða. Með því að hlaða niður appi er hægt að fá ýmsar upplýsingar í símann, t.d. fréttamiðla, samfélagsmiðla og annan fróðleik, eða framkvæma ýmsar aðgerðir, t.d. borga í stöðumæli, panta pizzu eða skrá hreyfingu hvers dags. Möguleikarnir eru nánast ótæmandi. **Athugið að sum öpp kosta en önnur, t.d. Einkaklúbbsappið, eru ókeypis.**



Að sækja app fyrir Apple snjalltæki

Apple-notendur sækja forrit í gegnum App store, sem er oftast á símaskjánum þegar þú tekur hann úr lás.

1. Kveiktu á snjalltækinu þínu.
2. Til að hlaða niður appi þarftu að búa til Apple ID reikning sem auðkennir þig. <https://appleid.apple.com>.
3. Finndu App store merkið og ýttu á það.
4. Finndu stækkunarglerið (search) til að finna ákveðin öpp eða leita eftir flokkum.
5. Veldu app og ýttu á Get.
6. Slá þarf inn leyniorð fyrir Apple ID til að geta hlaðið appi niður á símann.

Að sækja app fyrir Android snjalltæki

Android öpp eru sótt í Google Play, sem er oftast staðsett á forsiðu Android síma. Ef ekki skaltu fara í listann yfir snjallforrit í símanum og velja Google Play þar.

1. Í fyrsta skipti sem Google Play er opnað gætir þú þurft að slá inn Google aðgangsupplýsingarnar þínar. Fylgdu leiðbeiningunum á skjánum. Þú gætir einnig þurft að samþykkja notendaskilmála Google.
2. Þegar á forsiðu Google Play er komið er hægt að nota leitina til að finna tiltekin snjallforrit.
3. Síðasta skrefið er að hlaða niður appinu.
4. Appið er nú aðgengilegt í lista yfir snjallforrit í símanum þínum.

